



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

September og október 2019

Komið þið sæl kærur forráðamenn

Skólaárið 2019—2020 er nú komið vel af stað í Glerárskóla en þessar fyrstu vikur ársins hafa verið að mörgu leyti óvenjulegar. Eins og flestir vita var B-álma skólans í endurbyggingu allt fram til 13. september að hún var vígð til notkunar. Þangað til var 140 nemendum holað niður hér og þar um skólahúsnæðið á meðan allir minkuðu við sig og gerðu okkur fært að halda skólastarfinu gangandi með glæsibrag. Það voru sælir og glaðir starfsmenn og nemendur sem tóku við nýju álmunni og hófu flutninga þangað í liðinni viku. Smám saman mun síðan skólahúsnæðið komast í samt lag og um leið náum við að efla starfið og færa út kviarnar í fjölbreyttri vinnu með nemendum.

Við höfum margt lært á þessum umbótatíma og munum halda keik inn í næstu framkvæmdir sem væntanlega hefjast næsta vor. En meira um það þegar nær dregur.

Skólastarfa á haustdögum er alltaf fjölbreytt og skapandi og þetta haustið hefur margt drifið á daga okkar í Glerárskóla. Leikhúsfærðir, útivera, útivistardagur og margt fróðlegt hefur verið á dagskránni utan hefðbundinnar kennslu. En áfram höldum við í að efla nemendur og auka færni þeirra með góðu skólastarfi og næstu vikur verður margt í deiglu.

Við minnum á að samvinna heimilis og skóla skiptir miklu máli og höldum ótrauð í átt að jákvæðri og bjartri framtíð í þeirri vissu að:

Saman stöndum við, náum árangri og gleðjumst!

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Útivistartími

Við minnum á að útivistartími nemenda breyttist þann 1. september s.l. og er nú sem hér segir:

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00

13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00

Stöndum saman, fylgjum lögum, höldum vel utan um krakkana okkar og munum að okkar er ábyrgðin.



24. september 2019

2. tbl. 9. árg

Til umhugsunar:

- Samstarf
- Fróðleiksfýsni
- Árangur
- Þrautseigja

Efnisyfirlit:

<i>September og október 2019</i>	1
<i>Útivistartími</i>	1
<i>Nokkrir öðruvísi dagar</i>	2
<i>Ábyrgð og skyldur</i>	2
<i>Erasmus+</i>	2
<i>ALICE</i>	2
<i>Öryggi í umferðinni</i>	3
<i>Reglur í matsal</i>	3
<i>Helstu atburðir</i>	3
<i>Rósaball</i>	3
<i>Göngum í skólann</i>	4
<i>Eigur nemenda</i>	4
	4
<i>Mynd augnabliksins</i>	4

Skipulagsdagar, þemadagr, haustfrí og viðtalsdagur

Mánudaginn **30. september** er skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag eru nemendur í fríi en frístund opnar kl. 12:00.

Þriðjudaginn og miðvikudaginn **1.—2. október** eru þemadagar í skólanum þar sem allir nemendur vinna að verkefnum í tengslum við Erasmus+ verkefnið okkar.

Fimmtudaginn **17. og föstudaginn 18. október** er haustfrí í grunnskólum Akureyrarbæjar og því allir nemendur í fríi.

Mánudaginn **21. október** er skipulagsdagur í Glerárskóla og nemendur í fríi. Þá er frístund opin frá 8:00—16:15.

Þriðjudaginn **22. október** er síðan viðtalsdagur í Glerárskóla en þá koma forráðamenn og nemendur og hitta umsjónarkennara og spjalla um nám nemenda. Athugið að þann dag er hægt að ræða við alla kennara skólans.

Ábyrgð og skyldur

Stjórnendur Glerárskóla vilja benda forráðamönnum á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem finna má á eftirfarandi slóð: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1040-2011>

Sem foreldrar berum við ábyrgð á börnum okkar hvar sem þau eru og sem skólasamfélag ber okkur að starfa saman að því að mennta nemendur eins og best verður á kosið. Það er alltaf gott að kíkja í reglugerðina og rifja upp ábyrgð og skyldur okkar í skólasamfélaginu.



Erasmus+

Eins og allir vita er Glerárskóli að taka þátt í frábæru Erasmus+ verkefni sem ber heitið: „Developing Pupils Skills“. Í tengslum við það verkefni verða þemadagar nú 1.—2. október þar sem nemendur vinna verkefni sem tengjast þjóðsögum þeirra landa sem taka þátt. Löndin eru: Spánn, Tyrkland, Litháen og Slóvenía auk Íslands sem stýrir verkefninu. Að þemadögum loknum mun hópur kennara fara í Erasmus+ ferð til Slóveníu þar sem afrakstur þemadaganna verður m.a. kynntur.

Það er okkur gleðiefni að geta tilkynnt að Glerárskóli mun taka þátt í öðru Erasmus+ verkefni sem hefst nú á haustdögum. Það verkefni fjallar um jafnrétti í allri sinni mynd og er með Bretlandi, Tyrklandi, Póllandi og Spáni.

Öll Erasmus+ verkefni eru góð fyrir skólasamfélagið því með þeirri samvinnu sem þar fer fram opnast sjóndeildarhringurinn og fjölpætt þekking bætist við skólafárið.

ALICE—samskiptaverkefni Kanada og Íslands

Glerárskóli hóf þátttöku í samskiptaverkefninu ALICE nú á haustdögum. ALICE (Alberta/Iceland) er samstarfsverkefni milli kennarasamtakanna í Alberta í Kanada (ATA) og KÍ (FG og SÍ). Verkefnið gengur út á að finna hvað það er sem einkennir og gerir skóla góðan fyrir alla, nemendur, kennara, stjórnendur, almennt starfsfólk, foreldra og samfélagið í heild. Verkefnið er unnið í gegnum netmiðla en tvær heimsóknir þátttakenda eru á skólaárinu. Kanadamenn koma í heimsókn til okkar í nóvember en íslensku kennararnir fara til Kanada að vori. Þrír íslenskir skólar taka þátt og erum við svo heppin að hafa fengið þátttökurétt, en þrír kennarar á unglíngastigi eru þátttakendur í verkefninu.

Öryggi í umferðinni!

Nú þegar haustar að minnum við á reglur um farartæki á hjólum og þann öryggisbúnað sem nota skal. Reglurnar má finna á heimasíðu Glerárskóla. Einnig viljum við benda forráðamönnum á að brýna fyrir börnunum að fara varlega í umferðinni og nota endurskinsmerki.

Forráðamönnum bendum við á að fara varlega á bílastæði við skólann og muna að göturnar í kringum skólann okkar er með **30 kílómetra hámarks hraða**.

Munum svo að ALLIR NEMENDUR á farartækjum eiga að nota hjálm á öllum farartækjum á hjólum!

Reglur í matsal Glerárskóla

- Förum í röð og bíðum eftir því að röðin komi að okkur
- Höfum ekki húfur né yfirhafnir í matsal
- Borðum við matarborðin
- Notum inniröddina
- Göngum rólega um
- Göngum frá eftir okkur
- Ókurteisi og ruðningur í matsal leiða til þess að nemendur fara aftast í röðina eða er vísað úr matsal og borða annarsstaðar
- Nemendur yngsta- og miðstigs fara beint út í frímínútur eftir að hafa borðað
- Borðstjórar sjá til þess að borð séu hrein, stólar upp við borð og fara síðastir út úr matsal

Helstu viðburðir í september og október 2019

20. september:	Ólympíska skólahlaupið
26.-27. september:	Samræmd próf í 4. bekk
30. september:	Skipulagsdagur—Nemendur í fríi— Frístund opin 12:00—16:15
<hr/>	
1.—2. október:	Þemadagar—skóla lýkur kl. 13:15 nema valgreinar
17.—18. október:	Haustfrí nemenda og kennara
21. október:	Skipulagsdagur—Nemendur í fríi— Frístund opin frá 8:00—16:15
22. október:	Viðtalsdagur - Frístund opin frá kl. 8:00— 16:15

„Hið eina sanna markmið menntunar er að gera manninn hæfan til að halda endalaust áfram að spyrja spurninga!“

Mandell Creighton

Rósaball

Föstudaginn 12. október verður haldið hið fræga Rósaball hér í Glerárskóla.

Rósaballið er ætlað nemendum í 8.—10. bekk og hefur verið afar vinsælt um áraraðir. Nafnið fær ballið af því að 10. bekkingar sækja 8. bekkina á ballið og færa þeim rós.



**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



Göngum í skólann

Næstu tvær vikurnar tekur Glerárskóli þátt í verkefninu: Göngum í skólann. Við hvetjum því nemendur til að koma gangandi eða hjólandi (þeir sem það mega) í skólann. Hreyfing skiptir miklu máli í nútímasamfélaginu og er stór þáttur í að efla líkama og sál. Töku þátt og hvetjum krakkana okkar til að hreyfa sig á hverjum degi.

Minum á að allir eiga að nota HJÁLMA

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Eigur nemenda!

Við hvetjum forráðamenn til að ræða við börnin ykkar um eigur nemenda. Svoltíð hefur borið á því að fíktað er í hjólum við skólann og einnig höfum við tekið eftir því að fjöldi hjóla er ekki læstur. Skólinn tekur ekki ábyrgð á eigum nemenda og því skiptir miklu máli að læsa hjólunum og að ítreka við börnin að láta eigur annarra í friði.

Myndir augnabliksins!



Útivistardagur Glerárskóla 2019